

Vélskelflett rækja:

SDR pr. lb. cif.

Færri en 350 stk. í lb.:

Blokkfryst	3,72
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	3,73
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,89
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,32
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,54

Fleiri en 350 stk. í lb. og óflokkuð:

Blokkfryst	3,55
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð	3,55
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,73
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,11
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,32

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 65% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils. Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. apríl 1989.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.*Kristín Magnússon.***AUGLÝSING****um starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð Strandarlax hf., Seyðisfirði.****1. Almenn ákvæði.**

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir framleiðslu á allt að 200 tonna ársframleiðslu. Framleiðsla þessi fer fram í hafkvíum á Seyðisfirði.
- 1.2. Eigi má breyta eða auka þennan atvinnurekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3. Um umgengnisreglur, sóttþreinsun og meðferð sýktra og sjálfdauðra fiska fer skv. reglugerð nr. 403/1986, um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum. Slátrun á eldisfiski skal fara skv. X kafla sömu reglugerðar.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.5. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós kemur hættu á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, heilbrigði eða tilveru náttúrlegra fiskstofna eða vegna röskunar á lífríki.
- 1.6. Stöðinni er skylt að gefa Hollustuvernd ríkisins árlega skýrslu um eftirfarandi atriði sé þess óskað:
Framleiðslumagn, fóðurnotkun og fóðurgerð, meðal vatnsnotkun, magn og gerð hreinsiefna, sóttþreinsiefna og lyfja sem notað var á árinu.

2. Ákvæði er varða umhverfi.

- 2.1. Stöðinni er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði stöðvarinnar sé gætt fyllsta hreinlætis, stöðinni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.
- 2.2. Sjóeldiskvíar verði vel utan almennrar siglingaleiðar um Seyðisfjarðarhöfn og nánar staðsettar í samráði við hafnaryfirvöld á Seyðisfirði.
- 2.3. Sjóeldiskvíar séu vel greinilegar að degi til eða merktar og í myrkri sé varúðarljós haft við þær ef þurfa þykir. Nánar ákveði hafnaryfirvöld á Seyðisfirði um merkingar og varúðarljós með hliðsjón af hafnarreglugerð Seyðisfjarðarhafnar.
- 2.4. Sjómælingum Íslands verði tilkynnt um nákvæma staðsetningu eldiskvíanna svo unnt sé að merkja þær inn á sjókort, ef þess er talin þörf.
- 2.5. Verði rekstri eldiskvíanna hætt þá sé það tryggt að eldiskvíarnar ásamt viðkomandi mannvirkjum í sjó verði fjarlægðar án tafar.

3. Ákvæði vegna mengunar.

Framleiðslumagn mun aukast í stöðinni á næstu 3–5 árum í fulla stærð miðað við starfsleyfi þetta (200 tonn).

- 3.1 Fiskeldisstöðin tilkynni árlega um framleiðsluaukningu og framkvæmdir vegna þeirra (sbr. lið 1.7.).
- 3.2. Stöðin afli tiltækra upplýsinga um strauma í Seyðisfirði.
- 3.3. Stöðin láti árlega kanna botninn undir og við eldiskvíarnar með sýnatöku og/eða ljósmyndum til að mæla samsöfnun og dreifingu úrgangsefna. Mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins verði tilkynntar niðurstöður athugana (sbr. lið 1.7.).
- 3.4. Þegar fullri framleiðslu er náð samkvæmt þessu starfsleyfi (eða að 5 árum liðnum) skal stöðin upplýsa um dreifingu efna og úrgangsefna frá stöðinni til að meta megí áhrif þeirra á umhverfið.
- 3.5. Ef í ljós koma óæskileg mengunaráhrif vegna stöðvarinnar er stöðinni skylt að gera ráðstafanir til úrbóta þ.m.t. draga úr framleiðslu. Ráðstafanir stöðvarinnar verða að vera samþykktar og fullnægjandi að mati mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins sem hefur samráð við Siglingamálastofnun ríkisins.

4. Eftirlit og gjaldskrá.

Í samræmi við reglugerð nr. 390/1985 skal stöðin árlega greiða eftirlitsgjöld eins og kveðið er á um í gjaldskrá hverju sinni. Gjaldið skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Hollustuverndar ríkisins, þar með talinni starfsleyfisvinnslu. Eftirlit þetta er með tvennum hætti; annars vegar eftirlit á vegum fyrirtækisins, sem Hollustuvernd ríkisins fær sendar niðurstöður úr og flokkar og metur og hins vegar á vegum mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins í samræmi við 3. gr. gjaldskrár vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja nr. 355/1986. Strandarlax hf., sem flokkaðist í 4. flokk á árinu 1987 og 1988 fellur í 3. flokk frá og með 1. janúar 1989 skv. áðurnefndri gjaldskrá.

5. Gildistaka.

- 5.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er skv. 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálráðuneytið, 10. apríl 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.